


# Ólafur Þ. Jónsson heiðursfélagi Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands



Á AUKAÐALFUNDI Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands, sem haldinn var laugardaginn 11. nóvember 2000, í tilefni 40 ára afmælis þess, var Ólafur Þ Jónsson yfirlæknir svæfinga- og gjörgæsludeildar Landspítala Fossvogi gerður að heiðursfélagi.

Ólafur er fæddur 1935 í Vík í Mýrdal. Hann lauk námi frá lækna-deild HÍ 1962 og stundaði framhaldsnám í svæfingum og gjörgæslu við Massachusetts' General Hospital í Boston, Children's Hospital of Philadelphia (barnasvæfingar) og Stanford University Medical Center í Kaliforníu (svæfingar og deyfingar við barnsfæðingar). Þá tók Ólafur einnig hluta sérnámsins við Serafimerlasarettet í Stokkhólmi.

Ólafur hóf störf sem sérfræðingur við svæfinga- og gjörgæsludeild Borgarspítalans í Fossvogi 1969 og var ráðinn yfirlæknir við deildina 1. janúar 1988.

Hann hefur einnig verið stundakennari, dósent og lektor við lækna-deild HÍ.

Varðandi félags- og trúnaðarstörf hefur Ólafur verið formaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélagsins, í stjórn LR, hópslysanevnd landlæknis, stjórn Nordisk Anesthesiologisk Förening, formaður lækna-ráðs og yfirlæknir Borgarspítalans og formaður Félags yfirlækna. Af öðrum störfum Ólafs má nefna að hann var læknisfræðilegur stjórnandi þyrlusveitar lækna 1987-1998. Ólafur hefur verið mikill áhugamaður um sögu læknisfræðinnar, verið í stjórn Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar. Hvað varðar ritstörf hefur Ólafur einnig skrifað greinar í erlend læknarit og verið í ritstjórn ACTA Anaesthesiologica Scandinavica.

Ólafur er kvæntur Báru Þorgrímsdóttur hjúkrunar-deildarstjóra háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítala Fossvogi og eiga þau þrjá syni, Jón Árna rekstrarfræðing, Braga Þorgrím meistaranema við stjórn málafræðiskor HÍ og Eirík Orra tónlistarnema.

Fyrir hönd stjórnar Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands

**SVEINN GEIR EINARSSON FORMAÐUR**

## Ný skilgreining S-merktra lyfja

HINN 1. JANÚAR NÆSTKOMANDI TEKUR gildi ný skilgreining á S-merkingu lyfja og fer hún ásamt skýringum um framkvæmd hennar hér á eftir:

Lyf sem falla undir eftirfarandi skilgreiningu, hafa fengið eða munu fá merkinguna S hjá Lyfjastofnun, við afgreiðslu markaðsleyfis eða undanþáguheimildar.

- \* Lyf sem eingöngu á að nota á eða í tengslum við sjúkrahús/sjúkrastofnun.
- \* Lyf notuð í sérhæfðri meðferð sem krefst sérfræðiþekkingar eða sérstaks eftirlits sérfræðinga á sjúkrahúsi/sjúkrastofnun.
- \* Ný og mjög dýr lyf sem krefjast sérfræðiþekkingar og/eða sérstaks eftirlits sérfræðinga á sjúkrahúsi/sjúkrastofnun.
- \* Notkun þessara lyfja skal vera samkvæmt leiðbeiningum (prótokollum).

Hér er um að ræða flest stungulyf sem skráð eru. Í mörgum tilvikum er um að ræða lyf sem eru sérhæfð, mikilvirk og notkun

þeirra krefst ýtrustu varkárni, sérfræðiþekkingar og öryggis-búnaðar. Þau á eingöngu að nota innan eða í tengslum við sjúkrahús/stofnun. Vegna þessa verður á næsta ári flutt fjármagni frá Tryggingastofnun ríkisins til Landspítala - háskólasjúkrahúss til að mæta þessum útgjöldum sjúkrahússins og verða S-merkt lyf því ekki greidd af TR í framtíðinni.

Samkvæmt þessu mun krabbameinssjúklingur sem vísað er á stofu viðkomandi sérfræðings til áframhaldandi meðferðar, fá lyfin afhent sér að kostnaðarlausu frá sjúkrahúsinu/sjúkrahús-apótekinu, eins og hann væri að þiggja meðferð þar. Meðferð sem hefst inni á sjúkrahúsi/sjúkrastofnun með S-merktum lyfjum verður greidd af viðkomandi sjúkrahúsi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu,  
18. desember 2000

## Tilkynnið skrifstofu LÍ fundi !

Læknar, vinsamlegast tilkynnið á skrifstofu lækna-félaganna í síma 564 4100 eða í netfang: gunna@icemed.is ef þið haldið fundi svo hægt sé að setja tilkynningu á heimasíðu félagsins. Hugmyndin er sú að á vefsíðu LÍ: www.icemed.is verði listi yfir fundi lækna þannig að unnt sé að skipuleggja fundi svo þeir rekist ekki hver á annan.

### Lög um persónuvernd

Lögin um persónuvernd tóku gildi um áramótin. Kynning á lögnum og ýmsar aðrar upplýsingar er að finna á heimasíðu Persónuverndar: [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)

Hef hafið störf við fyrirtækið Saga Spa heilsuvernd og endurhæfing að Síðumúla 37, 108 Reykjavík.

**Guðmundur Björnsson** endurhæfingarlæknir